

kærður, sem ekki hefir áður gerzt brotlegur gegn ákvæðum islenzkrar fiskiveiðalöggjafar, brotið gegn ákvæðum 1. greinar laga nr. 5, frá 18. maí 1920 og með tilliti til þess, að gengi islenzkrar krónu er í dag þannig, samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands, að ein króna islenzk jafngildir 81,74 aurum gulls, þykir refsing kærðs samkvæmt 3. grein laganna, sbr. 1. grein laga nr. 4, frá 1924, og með hliðsjón af því að kærður sýndi skipstjóranum mótmæla, sem telja verður sannað þrátt fyrir nokkur mótmæli og afsakanir kærðs, hæfilega ákveðin 13,000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa. Auk þess sé allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í botnvörpunum P. G. 165 „Landrath Rademacher“ frá Geestemünde upptækt og renni andvirði í sama sjóð og sektin. Loks greiði kærður annan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 24. apríl 1931.

Nr. 107/1930. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Elíasi Benediktssyni (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 3. nóv. 1930: Kærður, Elías Benediktsson, greiði 12500 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í botnvörpunum G. K. 4, „Surprise“ frá Hafnarfirði, sé upptækt, og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Fyrir hæstarétti hefir verið lagt fram í máli þessu sjókort, er forstöðumaður stýrimannaskólans hefir markað á, samkvæmt mælingum þeim, er gerðar voru á varðskipinu, bæði stað varðskipsins kl. 0,25, 2. nóv. s. l. og stað ljósdufls togarans kl. 4,10 s. d., og enda þótt hann telji þessa staði lítið eitt utar en skipherra varðskipsins taldi þá, þá hefir hann, þó einnig komizt að þeirri niðurstöðu, að staðir þessir séu báðir innan landhelgi. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með tilvísun til forsenda hins áfrýjaða dóms, er fallizt verður á í öllum aðalatriðum, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, og ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Kærði, Elías Benediktsson, greiði allan áfrýjunarkostnað máls þessa, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Elíasi Benediktssyni, skipstjóra á b/v „Surprise“ frá Hafnarfirði, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5, 18. maí 1920.

Í skýrslu þeirri, sem varðskipið Ægir hefir gefið um nánari atvik þessa máls segir svo, að varðskipið hafi 1.

nóv. 1930, kl. 11,58, verið á leið inn með Garðskaga og hafði þá r/v stefnu 119°. Sá þá varðskipið ljóslausan togara á bakborða og breytti varðskipið þá um stefnu og hélt á togarann, sem þá beygði út frá landi, svo varðskipið breytti einnig um stefnu og hélt á eftir honum.

Kl. 0,09 árd. hinn 2. nóvember stefndi togarinn orðið beint á undan varðskipinu og segir í skýrslu skipherrans, að hann hafi þá sézt bregða upp afturljósinu og slökkva það þegar aftur. Kl. 0,11 árd. var lýst á togarann og skotið lausu skoti, en kl. 0,13 árd. kom varðskipið á hlið við togarann og var þegar látin út ljósbauja um 100 metra fjarlægð frá togaranum. Var síðan beygt nær togaranum og komið í kallfæri við hann, og skipstjóranum gefin skipun um að draga inn stjórnborðsvörpuna, sem hann var með í eftirdragi.

Kl. 0,5 árd., meðan togarinn var að draga inn vörpuna, var gerð eftirfarandi staðarákvörðun rétt hjá togaranum og við ljósbauju varðskipisins:

Gerðatangaviti

> 122° 56'

Garðskagaviti

og Garðskagaviti miðaður r/v 259° og dýpi mælt, og gefur það stað togarans 0,8 sjómílur innan landhelgislinunnar.

Þegar skipstjóra togarans var tilkynnt, að hann yrði að fara með til Reykjavíkur, óskaði hann að staðarákvörðun yrði gerð við bauju, sem hann kvaðst eiga þar skammt frá, og áður en hún yrði tekin upp. Kl. 4,10 mínútur árd. var komið að bauju togarans og eftirfarandi staðarákvörðun gerð:

Gerðatangaviti

> 36° 11'

Vatnsnesviti

> 63° 54'

Garðskagaviti

og gefur það stað ljósbauju togarans 0,4 sm. innan landhelgislinunnar.

Kærður, í þessu máli, hefir neitað því, að hann hafi verið að veiðum innan landhelgislinunnar. Hann telur að ljósbauja sín, sem hann hafði til hliðsjónar, er hann togaði hafi verið $\frac{3}{4}$ úr sjómilu utan við landhelgislinuna.

Þessa ljósbauju kveðst hann hafa sett niður í ljósaskiptunum að kvöldi 1. nóvember. Eftir þessum miðunum, sem hann gerði einsamall: Rætur Þórðarfells við Berg og Garðskagaviti við kompás-vestur.

Hann kveðst hafa byrjað að kasta kl. rúmlega 11½, 1. nóv. og þá hafa verið staddur A. t. N. frá baujunni, vegalengdin um 1½ sjómílu eftir því, sem hann gizkar á, kveðst hann þá hafa stýrt hér um bil beina stefnu að baujunni, aðeins haft baujuna á stjórnborða. Þessari stefnu kveðst hann hafa haldið þangað til hann kom að baujunni, og heldur að kl. hafi þá vantað 5 til 10 mínútur í 12, en þá kveðst hann hafa breytt um stefnu og togað í S. t.A. og hélt þeirri stefnu um það bil 15 mínútur, en þá beygði kærður enn og togaði í stefnu á Akrafjall. Hásetinn, sem var við stýrið meðan á þessu stóð, hefir einnig skýrt frá stefnu skipsins á sama veg og kærður.

Þá hefir og kærður bent á það, að áður en hann hafi tekið upp ljósbauju sína, hafi hann þar gert miðanir, og hafi þær verið þannig: Garðskagaviti í V. og Vatnsnesviti í S. V. t. S. En Vatnsnesviti hafi verið í ljósaskiptunum hvorki rauður né hvítur. Kærður kveðst svo hafa beðið stýrimanninn sinn og hásetann Jens Jónsson, sem einnig er mælingafróður, að gera miðanir áður en þeir tækju upp baujuna, og kveður hann þá hafa sagt sér það síðar, að þeir hafi gert þessar miðanir og fengið sömu útkomu og hann.

Stýrimaðurinn og Jens Jónsson hafa borið það, að þeir hafi gert þessar miðanir og hafi einnig fengið þessa útkomu, Garðskagaviti í V. og Vatnsnesviti í S. V. t. S.

Öllum ber þeim saman um það, kærðum, stýrimanni og Jens Jónssyni, að Vatnsnesviti hafi verið í ljósaskiptunum frá ljósbauju togarans.

Í framburði þessum eru þær veilur, að skipstjóri telur sig hafa gert sínar mælingar einn, án þess að stýrimaður og Jens kæmu þar nærri, og stýrimaður og Jens hafi gert sínar mælingar seinna, en Jens telur að þeir hafi verið allir saman við mælingarnar í einu.

Stýrimaður telur, að hann hafi kallað á Jens upp á stjórnþall til að gera miðanir, en Jens telur, að það hafi verið skipstjórinn, sem kallaði á sig þangað. Skipstjórinn neitar því, kveður það sennilega hafa verið stýrimaðurinn.

Þá ber þess að geta, að samkvæmt miðuninni hefðu þeir átt að vera í Vatnsnesvitanum hvítum, en eins og áður segir telja þeir sig hafa verið í ljósaskiptunum.

Skipherrann telur í skýrslu sinni tvímælalaust, að skipið hafi verið ljóslaust. En kærður, stýrimaður og Jens halda því fram, að aðeins hafi verið slökkt dekk-ljós. — Þetta hafi verið gert vegna þess, að ólag hafi verið á ljósavélinni. Vélstjórinn telur að ljósavélin hafi verið í ólagi, en við skoðun sérfræðinga hefir það sýnt sig að þetta mátti laga á ca. $\frac{1}{2}$ mínútu.

Þótt það geti ekki talizt líklegt, og sé jafnvel mjög ósennilegt, að slökkt hafi verið á ljósunum vegna ólags á vélinni, er þó ekki útilokað að svo hafi verið.

Mælingar þær, sem skipherrann byggir á, voru gerðar þannig, að skipherrann gerði þær sjálfur með 1. og 2. stýrimanni. Annar stýrimaður kveðst hafa miðað til Garðskagavita og hafa gert það fimm sinnum, eftir því hvernig varðskipið lá, til þess að vera viss um að fá mælinguna rétta. Hann kveður útkomuna allt af í öll þessi skipti hafa verið hina sömu, það er 259° r/v. En skipherrann og 1. stýrimaður gerðu mælingarnar jafnsniemma, og voru þeir með sinn sextantinn hvor, og skrifaði II. stýrimaður niður árangurinn. Mælingarnar við bauju togarans gerðu skipherra og 1. stýrimaður, og gerðu þeir allar mælingarnar hvor um sig.

Mótmæli þau, sem kærður hefir fært fram, virðast ekki að áliti réttarins vera á svo sterkum rökum reist, að þau fái hnekkkt mælingum varðskipsins, sem getið er um hér að framan, en þær eru gerðar af þaulæfðum mönnum með góðum tækjum og að öðru leyti undir góðum kringumstæðum. Það verður því að telja það nægilega sannað, að kærður hafi verið að veiðum í islenzkri landhelgi þegar varðskipið kom þar að honum í Garðsjó, kl. 0,13 árd. í gærðag.

Kærður hefir ekki áður sætt refsingu fyrir brot á landhelgislöggjöfinni.

Kærður hefir því, að áliti réttarins, brotið gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5, frá 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið fyrir það, eftir 3. gr. laganna, sbr. og 1. gr. laga nr. 4, frá 1924, hæfilega ákveðin 12500 króna sekt til Landhelgissjóðs Ís-

lands, með tilliti til þess að gengi íslenzkrar krónu er nú í dag þánnig, samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands, að hún jafngildir 81,79 aurum gulls, og komi í stað sektarinnar 6 mánaða einfalt fangelsi, ef hún verður ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, botnvörpungsins G. K. 4, „Surprise“ frá Hafnarfirði, sé upptækt og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 29. apríl 1931.

Nr. 104/1930: Bæjargjaldkeri Reykjavíkur, f. h.
bæjarsjóðs (Guðm. Ólafsson)

gegn

Guðmundi Guðmundssyni

(Theodór B. Línal).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 14. júlí 1930: Hið umbeðna lögtak skal eigi ná fram að ganga.

Dómur hæstaréttar.

Það er upplýst í máli þessu, að stefndi bjó hér í bænum í húseign sinni Grettisgötu 20 B., ásamt konu sinni, börnum og þjónustufólki, er manntal var tekið hér í bænum í nóvembermánuði 1927, og og að hann hefir búið þar stöðugt síðan, bæði árið 1928 og eftirfarandi ár, að því undanteknu, að á sumrum hefir hann búið með fjölskyldu sinni í húseign sinni Litlabæ á Seltjarnarnesi, og hafa tvö börn stefnda gengið óatalið í barnaskóla Reykjavíkur skólaárin 1927—1928 og 1928—1929.